

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um  
kennslubækur í framhaldsskólum.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Í hvaða námsgreinum í framhaldsskólum eru notaðar kennslubækur á erlendum tungumálum? Svar óskast sundurliðað eftir framhaldsskólum, námsgreinum og kennslubókum.
2. Hvert er hlutfall kennslubóka á erlendum málum í framhaldsskólum á Íslandi í samanburði við hlutfall kennslubóka á öðru máli en þjóðtungum á Norðurlöndum?
3. Hverjir taka ákvarðanir um val á kennslubókum í framhaldsskólum? Hvaða sjónarmið telur ráðherra að móti val um kennslubækur í framhaldsskólum landsins?
4. Telur ráðherra æskilegt að við kennslu í framhaldsskólum séu notaðar kennslubækur á erlendum málum?
5. Telur ráðherra þörf á því í þágu eflingar íslenskrar tungu að stuðla að auknu framboði á kennslubókum á íslensku? Ef svo er, til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa í þessu sambandi?

Skriflegt svar óskast.